

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 16. október 2015 í máli nr. S-173/2014:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson saksóknari)

gegn

Magnúsi Óskarssyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. september sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru dagsettri 4. febrúar 2014 á hendur Magnúsi Óskarssyni, [...], fyrir kynferðisbrot gegn A, [...], framin aðfaranótt fimmtudagsins 28. mars 2013, á [...], með því að hafa við hana samræði og önnur kynferðismök með því að beita hana ólögumatri nauðung vegna aðstöðumunar sem ákærði notfærði sér vegna andlegra og líkamlegra yfirburða gegn [...], og með því að notfæra sér ölvunarástand hennar þannig að hún gat ekki spornað við verknaðinum, sem hér greinir nema annað sé einnig tekið fram:

1. Að [...] káfað á brjóstum og kynfærum [...] og látið hana stuttu síðar sjúga á sér kynfærin.
2. Að [...] stungið fingri inn í leggöng A og haft við hana samræði og náð því einnig fram með því að beita hana ofbeldi og hótunum með því að grípa um annan handlegg hennar og þvinga hana niður á gólf og halda henni í tókum í liggjandi líkamsstöðu, meðal annars með því að þrýsta á öxl hennar og grípa með annarri hendi fyrir munn hennar og skipa henni að hafa hljótt og leggjast ofan á hana og notfæra sér líkamsþyngd sína og líkamlega yfirburði til að halda henni fastri og með því að beita handafli og afklæða hana að neðan og glenna fætur hennar í sundur til að komast að kynfærum hennar en A hlaut af þessu meðal annars mar bletti á innanverðu læri, mar á hendi og mar á framhandlegg og aftan við kálfa.

Er þetta talið varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu hefur brotaþoli uppi kröfu um miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 28. mars 2013 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er krafist sýknu en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er krafist greiðslu málsvarnarlauna er greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt vottorði læknis á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi, frá 15. apríl 2012, mætti brotaþoli á deildina 30. mars 2012, kl. 12.40. Fram kemur að brotaþoli hafi komið með sjúkrabifreið á deildina. Hafi hún orðið fyrir árás aðfaranótt 27. mars 2013 fyrir utan heimahús í heimabæ sínum. Í vottorðinu kemur fram að gríðarlegt mar hafi verið á öllum vinstri upphandlegg brotaþola. Tekin hafi verið röntgenmynd af vinstri öxl og í ljós komið slæmt brot í hálsi upphandleggs við axlarliðinn.

Brotaþoli leitaði á neyðarmóttöku sama dag, kl. 14.30. Lýsti hún því að hún hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi, aðfaranótt fimmtudagsins 28. mars 2013, í heimabæ sínum. Í skýrslunni kemur fram að brotaþoli hafi komið vel fyrir. Hafi hún verið einlæg og sagt skilmerkilega frá atburðum. Brotaþoli hafi ásakað sjálfa sig fyrir að hafa farið með manninum. Hafi hún átt erfitt með að trúa því að atburðurinn hafi átt sér stað. Þá hefði hún áhyggjur af því að atvikið myndi spyrjast út í því litla bæjarfélagi þar sem hún byggir. Í skýrslunni kemur fram að brotaþoli hafi verið með gríðarlegt mar og bólgu á vinstri upphandlegg. Þá hafi hún verið með 5 marbletti innan á hægri læri ofanverðu. Hafi einn bletturinn verið um 2 cm og hinir um 1 cm hver. Gætu marblettirnir verið eftir fingur. Brotaþoli hafi verið með mar, um sjö cm í ummál, ofan við hægri þumalfingur. Loks hafi hún verið með mar innan á ofanverðum hægri framhandlegg og aftan á vinstri kálfa.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá laugardeginum 30. mars 2013, kom brotaþoli á lögreglustöð þann dag, kl. 22.23, til að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot framið gegn sér, aðfaranótt fimmtudagsins 28. mars 2013. Greindi hún þá frá atvikum málsins.

Ákærði og brotaþoli gáfu skýrslu fyrir dómi. Þá komu fyrir dóminn frænka brotaþola er brotaþoli fór til að morgni 28. mars, samstarfskona brotaþola af vernduðum vinnustað, frænka brotaþola er fór með henni í sumarbústað 28. mars, samferðafólk ákærða [...], rekstraraðili skemmtistaðarins [...] og kona er var brotaþola til aðstoðar á neyðarmóttöku. Þá komu fyrir dóminn lækna af bráðadeild Landspítala og neyðarmóttöku, hjúkrunarfræðingur af neyðarmóttöku, sálfræðingur af Landspítala, sérfræðingur í klínískri sálfræði og loks lögreglumenn er komu að rannsókn málsins. Ekki er ástæða til að rekja framburði fyrir dómnum frekar en hér fer á eftir.

Ákærði hefur greint svo frá að hann hafi farið frá Reykjavík [...] að kvöldi miðvikudagsins 27. mars 2013. Hann hafi verið samferða vinnufélaga sínum, eiginkonu hans og tengdasyni sínum, sem ekið hafi bifreiðinni. Ákærði hafi farið á skemmtistaðinn [...], en á þeim stað hafi ákærði unnið nokkru áður. Á staðnum hafi ákærði hitt brotþola. Brotþola hafi ákærði þekkt frá fyrri tíð. Hún hafi fallið inni á staðnum. Hafi henni verið veitt aðstoð við að komast í sófa á staðnum og ákærði aðstoðað við það. Brotþoli og ákærði hafi verið að „kela“. Í því hafi falist að ákærði hafi strokið henni um brjóst og kynfæri, bæði innan og utan klæða. Hafi hún tekið þátt í atlotunum og ekki verið þeim mótfallin. Hún hafi sogið kynfæri ákærða inni á staðnum. Hafi brotþoli setið við þær athafnir og ákærði staðið fyrir framan hana. Brotþoli hafi ekki virst áberandi ölvuð.

Einhverju síðar hafi brotþoli viljað fara heim til sín. Hafi ákærði boðist til að skutla henni og hún þegið það. Hún hafi kvartað undan eymslum og lagt hönd á öxl ákærða á leið út af staðnum. Tengdasonur ákærða hafi ekið þeim. Hafi ákærði setið við hlið brotþola aftur í bifreiðinni. Ákærði hafi ekki verið það kunnugur [...] að hann rataði heim til brotþola og því hafi hún þurft að vísa þeim leiðina.

Á leiðarenda hafi brotþoli farið á undan út úr bifreiðinni. Hafi hún beðið ákærða um að koma með sér. Ákærði hafi beðið tengdason sinn um að fara aftur á [...] og sækja samferðafólk sitt til að þau gætu öll farið til Reykjavíkur í beinu framhaldi. Brotþoli hafi búið í fjöleignarhúsi. Er inn í anddyri hússins kom hafi ákærði og brotþoli farið að láta vel hvort að öðru. Hafi þau farið niður á gólf anddyrisins. Brotþoli hafi klætt sig úr að neðan. Ákærði hafi reynt að stinga lim sínum inn í leggöng brotþola en það ekki tekist. Hafi hann stungið fingri inn í leggöng brotþola. Eftir það hafi honum tekist að stinga lim sínum í leggöng hennar og haft við hana samfarir. Ákærði hafi legið ofan á brotþola við athafnirnar og kvaðst hann ekki hafa þvingað hana í athöfnunum eða beitt valdi á neinn hátt. Hann hafi ekki þvingað fætur hennar sundur á gólfinu þannig að valdi hafi verið beitt. Hann hafi hins vegar strokið þétt um læri hennar. Samferðafólk ákærða hafi hringt og hann hætt samförum. Hann hafi staðið á fætur og farið út í bíl. Þaðan hafi ákærði og samferðafólk hans haldið til Reykjavíkur. Brotþoli hafi viljug tekið þátt í athöfnunum í anddyrinu og hún ekki verið mjög ölvuð. Ákærði kvaðst hafa drukkið áfengi þetta kvöld en ekki hafa verið mjög ölvuð.

Brotþoli kvaðst hafa farið að skemmta sér umrætt sinn. Hún hafi byrjað kvöldið með því að drekka 3 bjóra heima hjá sér. Í framhaldi hafi hún farið til frænku sinnar og drukkið hjá henni úr flösku af hvítvíni. Hafi hún spurt frænkuna hvort hún vildi koma með sér á [...]en frænkan hafi ekki viljað það. Þaðan hafi hún farið til vinkonu sinnar og samstarfskonu af vernduðum vinnustað og reynt að fá hana með sér á [...] en vinkonan ekki viljað það.

Brotþoli hafi farið ein á [...]. Á staðnum hafi hún keypt stórt glas af bjór. Ákærði hafi verið á staðnum og rætt við hana. Hún hafi lítillaga kannast við hann. Hún kvaðst minnst þess að hafa fallið á gólfið á skemmtistaðnum og ákærði ásamt öðrum hafi aðstoðað hana við að komast á fætur og í sófa. Ákærði hafi verið kominn með hönd inn á brjóst hennar en einhver komið að og ýtt þeim sundur. Henni hafi liðið illa, viljað fara heim og beðið rekstraraðila skemmtistaðarins um að útvega sér leigubíl. Hún hafi farið út og bifreið komið. Ákærði hafi komið og sagt henni að setjast inn í bifreiðina og sagt að hann ætlaði að skutla henni heim.

Þau hafi farið inn í bifreiðina og sest afturí.

Bifreiðinni hafi verið ekið að fjöleignarhúsi og þau farið út. Ökumaður hafi ekki stöðvað bifreiðina fyrir framan heimili brotþola og hún hafi ekki kannast við húsið. Hún hafi þó verið fegin að komast út úr bifreiðinni þar sem henni hafi verið farið að líða illa. Ákærði hafi opnað hurð að húsinu og ýtt brotþola inn. Hann hafi gripið um úlnlið og framhandlegg hennar og sagt henni að fara niður á hné. Þá hafi þau verið í anddyri hússins. Ákærði hafi klætt hana úr buxum og nærbuxum. Hún hafi öskrað og brotist um. Ákærði hafi haldið brotþola niðri og m.a. haldið fyrir munn hennar. Brotþoli hafi krosslagt fætur en ákærði þvingað þá í sundur. Ákærði hafi stungið fingri inn í leggöng hennar og í framhaldi stungið lim sínum í leggöng hennar. Hún hafi reynt að brjótast um. Skömmu síðar hafi farsími ákærða hringt í tvígang og hann svarað í síðara skiptið. Hann hafi bölvað og svarað viðmælandanum að hann væri að koma.

Ákærði hafi hætt aðförunum, staðið á fætur og tekið lykla er hann hafi verið með. Brotþoli hafi misst rænu í þeirri andrá. Hún hafi vaknað tveimur til þremur klukkustundum síðar liggjandi í anddyrinu. Henni hafi liðið mjög illa og verið illt í annarri hendinni en náð að snúa sér yfir á aðra hliðina og standa upp. Hún hafi rennt úlpunni sinni upp en skilið afganginn af fötunum sínum eftir og gengið heim til sín, en heimili hennar hafi ekki verið langt í burtu. Lyklana sína hafi hún skilið eftir í fjöleignarhúsinu og því ekki komist inn til sín. Hún hafi hringt í frænku sína er búi í sama húsi og frænkan hleypt henni inn. Frænkan hafi spurt hvað komið hefði fyrir og tjáði hún henni það. Í kjölfarið hafi þær í sameiningu ætlað að finna umrætt hús og föt hennar. Þeim hafi ekki tekist að finna húsið og farið aftur heim og hafi hún sofnað hjá frænkunni.

Eftir að brotþoli hafi vaknað hafi hún, ásamt foreldrum sínum og 10 ára syni sínum, farið upp í sumarbústað, líkt og hún hafi áður verið búin að ákveða. Henni hafi liðið mjög illa í handleggnum. Um kvöldið er hún hafi ætlað að ganga til náða hafi henni liðið það illa í handleggnum að hún hafi beðið frænku sína um að aðstoða sig. Frænkan hafi farið að gráta er hún hafi séð áverkann. Bróðurdóttir brotþola hafi verið á leið í bústaðinn næsta dag og þær hafi rætt um að bíða komu hennar. Er bróðurdóttirin hafi séð áverkann á handleggnum hafi hún sagt að þær yrðu að fara til læknis. Það hafi þær gert daginn eftir og brotþoli í framhaldi verið flutt á neyðarmóttöku.

Vinkona brotþola og samstarfskona af vernduðum vinnustað, er brotþoli hafði viðkomu hjá að kvöldi miðvikudagsins 27. mars, kvað brotþola hafa verið mjög drukknar er hún hafi komið við hjá sér. Hafi hún verið í slíku ástandi að hún hafi viljað að brotþoli færi heim til sín í framhaldi af dvöl hjá sér. Hafi vinkonan hringt á leigubifreið og fylgt henni niður í bifreiðina. Hafi hún talið að brotþoli færi heim til sín. Brotþoli hafi hringt næsta dag og sagt sér hvað komið hefði fyrir. Hafi brotþoli greinilega verið í áfalli.

Frænka brotþola kvað hana hafa hringt á bjöllu hjá sér um kl. 6.00 að morgni fimmtudagsins 28. mars. Hún hafi verið klædd í úlpu en verið bæði buxna- og nærbuxnalaus. Hafi brotþoli beðið sig um að aðstoða sig við að finna föt sín og húsið þar sem atburðir hefðu átt sér stað. Þær hafi farið saman út og reynt að finna húsið en án árangurs. Hafi frænkunni fundist eins og brotþoli hafi verið búin að sofa er hún hafi komið til hennar. Brotþoli hafi kvartað undan verk í öxl og bæði

verið í sjokki og miður sín. Hún hafi ekki verið ölvuð er hún hafi komið á heimili frænkunnar um morguninn og var eins og „runnið hafi af“ henni.

Vinnufélagi ákærða bar að hann og ákærði hafi lokið námskeiði sem þeir hafi sótt og síðasti dagur hafi verið miðvikudagurinn 27. mars. Þeir hafi haldið upp á áfangann og ákveðið að fara saman [...] til að fagna. Eiginkona vinnufélagans hafi verið með í för ásamt ungum manni er ekið hafi bifreið fyrir þá. Þau hafi öll farið á skemmtistaðinn [...]. Ákærði og vinnufélaginn hafi verið talsvert ölváðir. Vinnufélaginn kvaðst hafa veitt brotþola athygli inni á staðnum. Hún hafi verið mikið drukkin og á einhverjum tíma legið rænulaus í sófa inni á staðnum. Ákærði hafi verið að káfa á henni og hafi vinnufélaganum fundist það óviðeigandi í ljósi ástands brotþola. Ákærði hafi m.a. káfað á brjóstum hennar en hún hafi þá hálfsetið uppi. Vinnufélaginn hafi ekki séð er brotþoli hafi veitt ákærða munnmök. Ákærði hafi farið með brotþola út af staðnum og vinnufélaganum ekki staðið á sama. Hafi hann reynt að komast til ákærða en ekki tekist þar sem ákærði hafi farið með brotþola út um bakdyr sem læst hafi á eftir ákærða. Það hafi truflað vinnufélagann hvernig ákærði hafi farið með brotþola út og honum fundist eitthvað rangt við málið og hafi framkoma ákærða verið óviðeigandi. Nokkru síðar hafi bílstjóri ákærða komið til baka á staðinn og náð í vinnufélagann og konu hans. Þau hafi sótt ákærða að fjöleignarhúsi á staðnum. Hafi vinnufélaginn hringt í ákærða og fengið hann til að koma út í bifreiðina. Þaðan hafi þau öll farið til Reykjavíkur.

Eiginkona vinnufélaga ákærða kvaðst hafa farið með ákærða og manni sínum [...] þetta kvöld. Hún hafi ekki drukkið mikið, hvorki um kvöldið eða um nóttina. Inni á [...] hafi hún séð brotþola. en hún hafi verið „dauðadrukkin“ og ákærði að káfa á henni þar sem hún hafi verið í sófa á staðnum. Brotþoli hafi verið rænulítill og hreyfingalaus og ekki þátttakandi í atlotum ákærða. Kvaðst eiginkonan hafa sagt við ákærða á einhverju stigi að vera ekki að káfa á brotþola í því ástandi er hún væri. Ákærði hafi einhverju síðar dregið brotþola út af staðnum. Hann hafi tekið undir hana og haldið á henni út. Það hafi stungið eiginkonuna að sjá það, en brotþoli hafi verið dauðadrukkin, ósjálfbjarga og rænulítill. Eiginmaður hennar hafi einnig séð þetta og ætlað að hlaupa á eftir ákærða er hann hafi farið með brotþola út, en ekki náð að elta þau þar sem hurð hafi lokast og læst á eftir þeim. Bílstjórinn hafi komið einhverju síðar og náð í hana og mann hennar. Ákærði hafi ekki verið í bifreiðinni. Þau hafi ekið að húsi á [...] og hann komið þar í bifreiðina.

Fyrir dóminn kom vitni sem státt var á [...] umrædda nótt. Lýsti vitnið því að það hafi þekkt eiganda staðarins og komið þangað umrædda nótt. Vitnið hafi verið að fylgjast með staðnum fyrir eigandann, sem hafi þurft að skreppa frá í stuttan tíma. Kvaðst vitnið hafa séð brotþola í sófa inni á staðnum. Ákærði hafi staðið fyrir framan brotþola. Vitninu hafi fundist staðan eitthvað skrýtin en ákærði hafi verið með buxurnar niður um sig. Vitnið hafi farið að ákærða og brotþola og séð að einhvers konar kynmök hafi verið í gangi og brotþoli verið að sjúga getnaðarlim ákærða. Brotþoli hafi vírst vera með rænu en hún hafi verið drukkin. Ákærði hafi einnig verið drukkin. Vitnið hafi sagt þeim að fara og hafi þau gert það. Ákærði hafi reist brotþola upp úr sófanum og brotþoli gengið óstudd út. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola detta inni á staðnum þetta kvöld og ekki séð til ferða hennar fyrr en vitnið hafi séð hana í sófanum. Vitnið kvaðst hafa drukkið tvo bjóra þetta kvöld eftir klukkan 6 um eftirmiðdaginn.

Fyrrum tengdasonur ákærða kvaðst hafa ekið ákærða og samferðafólki hans [...] umrætt sinn. Lýsti vitnið því að það hafi séð brotþola inni á [...]. Brotþoli hafi fengið sér bjór að drekka og „allt í einu verið full þarna inni.“ Hún hafi verið vel ölvuð. Barþjónn á staðnum hafi spurt hann hvort hann gæti skutlað brotþola heim. Aðspurður hvort hjálpa hafi þurft brotþola út svaraði hann því játandi og að vegna ölvunar hennar hafi þurft að styðja við hana. Hann hafi ekið brotþola og ákærða að fjöleignarhúsi [...] þar sem brotþoli og ákærði hafi yfirgefið bifreiðina. Hann hafi leitast við að fara eftir leiðarlýsingu hennar en endað á röngum stað.

Bróðurdóttir brotþola kvaðst hafa séð áverka á handlegg hennar í sumarbústað á föstudeginum 29. mars. Hafi brotþoli sagt henni hvað hafi komið fyrir umrætt sinn. Bróðurdóttirin hafi sagt brotþola að þær yrðu að fara til læknis vegna málsins. Þær hafi farið saman á læknastöð í [...] og eftir skoðun þar hafi lækningin ákveðið að brotþoli yrði að fara á neyðarmóttöku.

Niðurstaða:

Ákærða eru í 1. og 2. tl. ákæru gefin að sök kynferðisbrot gagnvart brotþola, sem eiga að hafa átt sér stað á [...] aðfaranótt fimmtudagsins 28. mars 2013. Kynferðisbrotin, skv. 1. tl. ákæru, áttu sér stað á veitingastaðnum [...] að [...] en þar er ákærða gefið að sök að hafa káfað á brjóstum og kynfærum brotþola og látið hana sjúga kynfæri sín og að hafa um leið beitt hana ólögumatri nauðung vegna aðstöðumunar sem ákærði á að hafa nýtt sér vegna líkamlegra yfirburða yfir brotþola og með því að notfæra sér ölvunarástand hennar þannig að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum. Þá er ákærða með samsvarandi hætti og í 1. tl. gefið að sök í 2. tl. ákæru að hafa að [...]stungið fingri inn í leggöng brotþola og haft við hana samræði, auk þess sem ákærði á að hafa náð því fram með því að beita hana ofbeldi og hótunum.

Ákærði neitar sök samkvæmt báðum tölulíðum ákæru. Að því er 1. tl. ákæru varðar kveðst ákærði hafa káfað á brjóstum og kynfærum brotþola og látið hana hafa við sig munnmök að [...]. Að því er 2. tl. ákæru varðar kveðst ákærði hafa stungið fingri í leggöng og haft við brotþola samræði að [...]. Athafnir samkvæmt báðum tölulíðum ákæru hafi verið með fullu samþykki brotþola og hafi ákærði ekki beitt hana neins konar ofbeldi. Hafi brotþoli ekki verið það ölvuð að hún hafi ekki áttað sig á því hvað væri um að vera.

Sérfræðingur í klínískri sálfræði hefur, 14. október 2013, ritað vottorð vegna brotþola. Í samantekt kemur fram að brotþoli hafi komið í 8 viðtöl hjá sálfræðingnum. Brotþola hafi þar verið veittur sálrænn stuðningur og sérhæfð hugræn atferlismeðferð við einkennum áfallastreituröskunar og öðrum afleiðingum ætlaðs kynferðisbrots. Allt viðmót brotþola og líðan bendi til þess að hún hafi upplifað mikla ógn og bjargarleysi þegar hið ætlaða kynferðisbrot hafi átt sér stað og að afleiðingar áfallsins hafi verið alvarlegar. Niðurstöður greiningarmats á afleiðingum sýni að brotþoli hafi þjáðst af áfallastreituröskun í kjölfar þess. Sálræn einkenni í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem vel séu þekkt hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og nauðgun, líkamsárásir, stórslys eða hamfarir. Hafi hún ávallt virst hreinskilin og verið trúverðug og samkvæm sjálfri

sér. Brotapoli hafi sýnt jákvæð viðbrögð við hugrænni atferlismeðferð við afleiðingum hins ætlaða brots; hún hafi sýnt vaxandi styrk til að takast á við afleiðingarnar og við ritun vottorðsins uppfylli hún ekki lengur greiningarskilmerki fyrir alvarlega áfallastreituröskun. Hún sýni þó enn væg áfallastreitueinkenni sem valdi henni truflun í daglegu lífi. Þyki ljóst að áfallið hafi haft víðtæk áhrif á hana. Ekki sé hægt að segja með vissu hversu langan tíma meðferð taki eða hvort fullur bati náist.

1.tl. ákæru

Af lýsingu brotþola á áfengisneyslu sinni og ástandi verður ráðið að brotþoli var mjög ölvuð þessa nótt. Hún man takmarkað þau atvik er áttu sér stað á [...], samkvæmt 1. tl ákæru. Brotþoli var að mati dómsins trúverðug í framburði sínum fyrir dómnum.

Að því er 1. tl. ákæru varðar er framburður fyrrum vinnufélaga ákærða og eiginkonu hans afdráttarlaus, um að brotþoli hafi verið rænulítill eða rænulaus sökum ölvunar inni á [...]. Í framburði þeirra beggja kom fram að þeim hafi fundist óviðeigandi af ákærða að vera að káfa á brotþola í því ástandi er hún var. Þá kom fram að eiginkona vinnufélaga ákærða hafi fundið að þessu við ákærða. Fyrrum tengdasonur ákærða, sem ók ákærða og samferðafólki hans [...] þetta kvöld, bar að brotþoli hafi verið vel drukkin inni í sófa á staðnum og að styðja hafi þurft hana út af staðnum. Annað vitni sem státt var á [...] og hafði umsjón með staðnum fyrir eiganda hefur borið að brotþoli hafi virst með rænu á staðnum og hafi hún gengið óstudd út. Er þetta ekki í samræmi við framburð fyrrum tengdasonar ákærða, sem kvað nauðsynlegt hafa verið að styðja við brotþola á leiðinni út, en sá framburður fær einnig stöð í framburði samferðafólksins um ölvunarástand hennar inni á staðnum.

Vinkona brotþola ber að brotþoli hafi verið mjög ölvuð er hún hafi yfirgefið heimili vinkonunnar þetta kvöld, en í málinu er fram komið að brotþoli fór frá vinkonunni beint á [...].

Ákærði hefur játað að hafa káfað á brjóstum og kynfærum brotþola og að hafa látið brotþola sjúga kynfæri sín inni á veitingastaðnum. Þegar litið er til framburðar vinkonu brotþola sem bar um mikla ölvun brotþola um kvöldið, litið er til framburða þeirra vitna sem voru samferða ákærða þessa nótt um rænulítið ástand brotþola í sófanum að [...] sem leiddi til þess að þau tjáðu ákærða hversu óviðeigandi framferði hans væri, og framburðar fyrrverandi tengdasonar ákærða sem lýsti því að brotþoli hafi verið vel ölvuð og ekki getað gengið óstudd út, og hliðsjón höfð af því að samkvæmt vottorði sálfræðings greindist brotþoli með áfallastreituröskun í framhaldi af atvikum þessa nótt en hún upplifði mikla ógn og bjargarleysi, er það niðurstaða dómsins að hafið sé yfir vafa að ákærði hafi nýtt sér ölvunarástand brotþola. Breytir framburður þess vitnis, sem í skamman tíma hafði umsjón með skemmtistaðnum fyrir eiganda, þessari niðurstöðu ekki, en framburður þessa vitnis er að mati dómsins á skjön við framburði annarra vitna á staðnum sem með eindregnum hætti hafa borið um mikið ölvunarástand brotþola og jafnframt á

skjön við framburð fyrrum tengdasonar ákærða sem aðstoðaði brotþola við að komast út af staðnum. Ekki reyndist unnt að hafa uppi á þessu vitni við fyrri meðferð málsins fyrir dómi og ítrekað þurfti að fresta framhaldsaðalmeðferð málsins eftir endurupptöku þess þar sem ekki var unnt að hafa uppi á vitninu. Að öllu þessu gættu verður ákærði sakfelldur, samkvæmt 1. tl. ákæru, þannig að háttsemi hans varði við 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

2.tl. ákæru.

Eins og fyrr var rakið hefur ákærði viðurkennt að hafa stungið fingri í leggöng brotþola að [...]og að hafa haft við hana samræði. Hvorutveggja hafi verið með vitund og vilja brotþola.

Brotþoli man meira af atvikum frá [...], samkvæmt 2. tl. ákæru. Hún hefur lýst því að ákærði hafi stungið fingri í leggöng sín og með valdi glennt fætur hennar í sundur á [...] og haft við hana samræði í framhaldi. Samrýmist framburður brotþola áverkavottorði í málinu, en brotþoli greindist með marbletti á innanverðu læri, eins og eftir fingur. Brotþoli var að mati dómsins trúverðug í framburði sínum fyrir dómnum, eins og fram hefur komið.

Því hefur hér á undan verið slegið föstu að brotþoli var mjög ölvuð þessa nótt að [...], þannig að hún gat ekki spornað við kynferðisbrotum ákærða, skv. 1. tl. ákæru. Þegar hliðsjón er höfð af ástandi brotþola að [...], tekið er tillit til framburðar frænku brotþola um klæðnað og ástand hennar að öðru leyti næsta morgun, tillit er tekið til marbletta á innanverðu læri brotþola er samrýmast frásögn hennar um valdbeitingu ákærða, litið er til þess að brotþoli var með nýtt brot á upphandlegg sem gríðarlegur sársauki hefur verið samfara og horft til þess að brotþoli upplifði mikinn ótta og bjargarleysi þessa nótt, er að mati dómsins óhætt að leggja trúverðugan framburð brotþola til grundvallar niðurstöðu og telja hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi brotið gegn brotþola þessa nótt með því að beita hana ofbeldi og ólögumatri nauðung og hafa við hana samræði og önnur kynferðismök, sem í 2. tl. ákæru greinir. Nýtti ákærði sér jafnframt ölvunarástand hennar sem leiddi til þess að hún gat ekki spornað við verknaðinum. Með þessu hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 1. og 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í apríl 1970. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Ákærði hefur hér í dómi verið sakfelldur fyrir tvö kynferðisbrot gagnvart brotþola. Beitti ákærði brotþola líkamlegu ofbeldi og nýtti sér jafnframt ölvunarástand hennar. Brotin ollu brotþola mikilli sálrænni vanlíðan. Á ákærði sér engar málsbætur. Með hliðsjón af því sæti ákærði fangelsi í 4 ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. til 16. apríl 2014 kemur til frádráttar refsingu.

Brotþoli krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta. Er bótakrafan reist á 26. gr. laga nr. 50/1993. Vottorð sálfræðings, sem áður var rakið, styður þann framburð brotþola að hún hafi orðið fyrir miskatjóni af völdum ákærða. Ákærði hefur með ólögumatri háttsemi sinni valdið brotþola miska skv. 26. gr. laga nr. 50/1993. Á hún rétt á bótum vegna þeirrar háttsemi hans. Með hliðsjón af vottorði sálfræðings um afleiðingar háttseminnar fyrir brotþola, framburði brotþola um eigin líðan og af atvikum málsins eru miskabætur hæfilega

ákveðnar 2.200.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti. Þá greiði ákærði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda og 2/3 hluta þóknunar réttargæslumanns brotaþola, sem að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði, hvoru tveggja að viðbættum virðisaukaskatti, svo sem í dómsorði er mælt fyrir um. Að auki greiði ákærði aksturskostnað verjenda og réttargæslumanns, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Magnús Óskarsson, sæti fangelsi í 4 ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. til 16. apríl 2014 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði A 2.200.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 28. mars 2013 til 16. júní 2014, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags

Ákærði greiði 556.000 krónur í sakarkostnað. Þá greiði ákærði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, sem að 1/3 hluta greiðast úr ríkissjóði, Jóns Hauks Haukssonar héraðsdómslögmanns, sem samtals nema 1.060.475 krónum og Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, sem samtals nema 818.400 krónum og 2/3 hluta þóknunar réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur héraðsdómslögmanns, sem að 1/3 hluta greiðast úr ríkissjóði, sem samals nema 1.008.595 krónum. Þá greiði ákærði allan aksturskostnað verjandans Jóns Hauks Haukssonar að fjárhæð 106.952 krónur og aksturskostnað réttargæslumanns að fjárhæð 26.932 krónur.

Símon Sigvaldason

Halldór Björnsson

Ragnheiður Harðardóttir